


## Fundargerð

Fimmtudaginn 15. desember 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargögn



### 2. Samþykktir fundargerðir síðustu funda.

Fundargerðir nr. 398 og 399 voru samþykktar.

### 3. Sveitarfélagið Vogar

Lagt var fram erindi frá Sveitarfélaginu Vogum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem óskað er eftir framlagi vegna úttektar, ásamt verkefnatillögu þar að lútandi. Jöfnunarsjóður óskaði eftir að fá umsögn frá EFS um erindið.

Fram kemur í bréfinu að sveitarfélagið hafi farið í ítarlega úttekt á rekstri og fjármálum árið 2021 með stuðningi Jöfnunarsjóðs. Ákveðið var síðan að fylgja verkefninu eftir og ráðast í ítarlega úttekt á stjórnskipulagi sveitarfélagsins með áframhaldandi áherslu á að stuðla að sjálfbærum fjárhag og rekstri. Markmiðið er að sveitarfélagið verði í stakk búið til að veita góða þjónustu og takast á við frekari vöxt á komandi árum.

Nefndin tók erindið til umfjöllunar þar sem m.a. kom fram að verið væri óska eftir úttekt á stjórnsýslu til að stuðla að jafnvægi í rekstri. Þetta er því annars eðlis en þegar sveitarfélagið fékk framlag vegna úttektarinnar árið 2021 sem var á grundvelli fjárhagserfiðleika. Ekki verður séð á fyrirbyggjandi gögnum að erindið samræmist 84. gr. sveitarstjórnarlaga og 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Eftir yfirferð á gögnum málsins og umræðu nefndarinnar var ákveðið að leggja til við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að hafna erindinu frá sveitarfélaginu Vogum.

**4. Útkomuspá 2022**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir útkomuspá sveitarfélaga 2022. Heildartekjur sveitarfélaga fyrir A-hluta eru hærri en gert var ráð fyrir í áætlunum 2022 en sömuleiðis eru heildarútgjöld hærri, þá sérstaklega launakostnaður. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 16 ma.kr. sem er lakari niðurstaða en í áætlunum og stafar það helst af því að verðbólga reyndist hærri en gert var ráð fyrir.

Ákveðið var að fara betur yfir útkomuspár með hliðsjón af endanlegri fjárhagsáætlun 2023 á næsta fundi nefndarinnar.

**5. Verkefnaskjal**

Farið yfir verkefnaskjal og uppfært.

**6. Önnur mál**

Eftirlitsnefnd átti fund með reiknings-og upplýsinganefnd þann 5. desember sl. Nefndirnar eru að hittast í annað skipti að ræða reikningsskil sveitarfélag og á þessum fundi var ÞÓ með kynningu á IPSAS stöðlum.